2. Á að leyfa kappróður á tjörninni?

5 blöð ~~fol~~. + 1 renningur

Morgunblaðið segir frá því síðastl. sunnudag, 21. febr., að bæjarráð Reykjavíkur hafi á fundi sínum 20. s.m. leyft Sjómannadagsráðinu að kappróðrar megi fara fram á Reykjavíkurtjörn á sjómannadaginn. Venjulega er dagur þessi hátíðlega haldinn fyrsta sunnudag í júnímánuði ár hvert og ber hann nú uppá 6. júní, einmitt þá, er fuglunum er mest þörfin á fullkomnu næði vegna varpsins.

Lögreglusamþykkt Reykjavíkur frá 1939 – en hún var á sínum tíma samin og sett af bæjarstjórninni sjálfri – segir svo í 70gr. 2. mgr.: „Bátaumferð um tjörnina er bönnuð nema í þarfir bæjarins og lögreglunnar. Enginn má raska friði fugla, sem á tjörninni eru eða við hana, né annarsstaðar í lögsagnarumdæminu." (leturbr. höf.)

Þá segir Morgunblaðið ennfremur frá því, „að leitað hafi verið umsagnar Náttúrufræða-félagsins um málið, þar sem óttast var að slíkt gæti haft slæm áhrif á fuglalífið á tjörninni. Náttúrufræðafélagið taldi að það myndi ekki styggja fuglana neitt, þótt kappróður yrði leyfður á tjörninni einn dag, það hefði t.d. sýnt sig, að vélaskrölt frá flugvélunum hefði ekki nein áhrif á fuglana.

Reynsla annara en e.þ.v. Náttúrufræðafélagsins eða stjórnar þess hefir sýnt og sannað, að einmitt vélaskröltið frá flugvélunum hefir haft þau áhrif á fuglana, er hafast hafa við að undanförnu í Tjarnarhólmanum og við tjörnina sjálfa, að það hefir beinlínis [illegible] svo, að þeir hafa flúið undan vélaskröltinu þeirra og margir þeirra eigi horfið þangað aftur og jafnvel eigi komið þangað framar, eða fyrri en egg þeirra voru ónýt orðin eða ungarnir dauðir.

Sama máli hefði verið að gegna um ferðir manna á bátum um tjörnina, ýmist til leikja eða til þess að ná í smáskútur barna og unglinga, er þær hafa „siglt í strand" við Hólmann.
Hefði allt þetta gert fuglunum ónæði hið mesta og flæmt þá á brott. Því hefir lögregla bæjarins oft og einatt bannað bátaumferð alla um tjörnina, samkv. áðurnefndri lögreglusamþykkt þeirri, er bæjarstjórnin hefir sett, eins og áður segir.

Sökum „leyfis" bæjarráðsins og „álits" Náttúrufræðafélagsins

HL. ~~verður manni~~ vakna spurningar þessar upp í huga manns?

1. Er sjálfu bæjarráðinu eigi kunnugra um sín eigin lög en svo, að það hefir gleymt sínu eigin banni, og virðir það að vettugi, með því að leyfa kappróður á Tjörninni, einmitt þá, er þörfin er brýnust fyrir fuglana að vera þar í næði?

2. Hvenær hefir Náttúrufræðafélagið eða stjórn þess nokkurn tíma látið sig nokkru skifta fuglalífið á Tjörninni? Eða hefir nokkur meðlimur stjórnar félags þessa kostað einum eyri, hvað þá meira, ~~til þess~~ úr sínum eigin vasa til þess að hlynna að fuglunum í Tjörninni eða viðhaldi og aðbúð þeirra þar? Þessa hafa víst fáir orðið varir til þessa. Hvað er þá að marka álit þess eða „vottorð" um slíkt sem þetta? Séu þar margar þvílíkar eðlis athugaverðar og ákvarðanir manna þessara um málefni þau, er ~~það~~ þeir eiga um að fjalla, verður naumast talið að þar séu „marg-fróðir verið".

3. Vita menn þessir eigi, bæjarráð og stjórn Náttúrufræðafélagsins, að almenningur hér í bæ telur fuglalífið hér við Tjörnina meðal hinna fáu fríðinda er bærinn hefir upp á að bjóða fyrir börn sín og unglinga, fríðindi, sem það megi eigi án vera?

HL 4. Vita þeir eigi, að fjöldi erlendra manna, er hingað hafa komið, hafa sagt, að Tjörnin, Hólminn og hið fjölskrúðuga fuglalíf sé ein hin mesta prýði ~~þessa~~ Reykjavíkurbæjar, sem þeir og aðrir erlendir menn mundu telja sér mikinn feng í að eiga í borg sinni [illegible]?

5. Hafa menn þessir eigi orðið þess varir, að fjöldi barna og unglinga þessa bæjar safnast daglega saman niður við Tjörnina með fulla lófa sína og kjöltur af brauði til þess að gefa fuglunum og að hið erlenda setulið hefir þráfaldlega gjört hið sama?

6. Er þeim, þessum mönnum ókunnugt um það, að einstakir menn hafa af sjálfsdáðum og árlega nú um mörg undanfarin ár orðið að reyna að stækka hólmann á Tjörninni og halda honum við fyrir fleiri hundruð krónur úr sínum eigin vasa? Hvað hafa þeir sjálfir stutt að því og gjört í þeim efnum?

7. Ber að skoða „leyfi" bæjarráðsins og „álit" stjórnenda Náttúrufræðafélagsins, sem viðurkenningu þeirra til þessara manna og annara eða er það jafnframt álit þeirra, að þeir eigi og megi brjóta sín eigin lög eða láta uppi „álit" sitt um það, sem þeir hafa enga raunverulega þekkingu á?

Við málefni þetta, sem margir telja mikilsvert, bæði undir álit 3.
bæjarbúa almennt, má gera ráð fyrir að þeir kunni þeim litlar
þakkir fyrir.
Því er haldið fram, að Tjörnina megi fylla af vatni hvenær sem er.
Sannleikurinn er sá, að hana er aldrei unnt að fylla með vatni
nema í stórleysingum þegar vatnsrennsli er að henni úr öllum átt-
um, og að vatnið í henni er venjulega svo grunnt, að enginn sæmi-
lega gæddur róðrarmaður vill þar æfa sig svo að gagni verði; og þó ótt-
ast sjómenn til, að þeir geti háð þar kappróður. Hvað viðkemur skaut-
u þetta, alveg að óþörfu, þar sem nóg er af öðrum stöðum fyrir þá að
spreyta sig á, t.d. inni í Grafarvogi hjá Kleppi eða fyrir vestan Grandagarðinn
norðan Eiðis og víðar. Getur sjómannadagsráðið ekki fundið neitt annað
skemmtiatriði, er komið geti í stað þessa kjánalega gauragangs kapp-
róðurs?
Að lokum skal á það bent, að umsögn Náttúrufræðafélagsins um
það að vélaskrölt frá flugvélum hafa engin áhrif á fuglana á Tjörninni og að
hans, er beinlínis ósönn og eins og á það bent hér áður.
Í nafni hinna mörgu barna og unglinga þessa bæjar og fjölda margra
annara bæjarbúa, er því hér með harðlega mótmælt, að neinn kappróður
fari fram á Tjörninni, enda er og hér með skorað á háttvirta bæjarstjórn
að nema hið ólöglega leyfi bæjarráðsins úr gildi, svo og, að lögregla bæjar-
ins geti rétta í bráðina með því að skerast í leikinn, þrátt fyrir það að Náttúrufræða-
félagið hafi lagt það til, að kappróðurinn sé áreiðan- og hættulaus fyrir
hið þróttmikla fuglalíf á tjörninni, enda er þess að vænta, að enginn taki
neitt mark á því líka fleipri.

Að undanförnu hafa sum blöð bæjarins látið þess getið, að Bæjarráð Reykjavíkur hafi á fundi sínum hinn 20. febr. síðastl. leyft sjómannadagsráðinu að láta kappróður fram fara hér á Tjörninni næstk. 6. júní.

Blöðin segja frá því ennfremur, að leyfi þetta styðjist mjög við álit og umsögn Náttúrufræðafélags Íslands eða stjórnar þess, er telji enga hættu á því, að fuglarnir, sem hafast þarna við, styggist neitt við það, þótt kappróður fari þarna fram einn dag, — munda keppendurnir engar æfingar þurfa að hafa? — enda „hefði það sýnt sig, að vélaskröltið frá flugvélunum hefði ekki nein áhrif á fuglana".

Lögreglusamþykkt Reykjavíkur, 70. gr. 2. mgr. segir svo:

„<u>Bátaumferð um Tjörnina er bönnuð nema í þarfir bæjarins og lögreglunnar. Engum má raska friði fugla, sem á Tjörninni eru eða við hana né annarsstaðar í lögsagnarumdæminu</u>". (Leturbr. mín. Þ.Þ.)

Samþykkt þessa hefir bæjarstjórn Reykjavíkur sjálf samið og sett fyrir 4 árum, er hún sýndi einungis mannúðlega í garð hinna villtu fugla, sem sækjast vilja hér að, heldur er hún og þörf, vegna hinna mörgu barna og unglinga þessa bæjar, sem ekkert annað athvarf eiga en götuna, forræðið og félagsskap þann, sem þeim er hættulegur mjög og óhollur heilsu þeirra og sálarlífi, enda hefir bæjarstjórnin oft og einatt sætt ámælum fyrir það, hversu lítið hún hafi gert fyrir börnin í þessu efni.

Áður fyrrum átti enginn fugl neitt friðland hér á Tjörninni eða nálægt henni og engir að benda á „Skothúsið", sem Skothúsvegur dregur nafn sitt af. Beinlínis var til þess ætlað, að þaðan væri skothríðin hafin á hvern þann fugl, er þangað leitaði og hann drepinn.

Nú á síðari árum hefir svo brugðið við, að á Tjörninni má sjá þar fugla í hundraðatali; þeir verpa þar, unga út eggjum sínum og hverfa þangað aftur haustið og veturinn, hver eftir sem þarna notalegra vitt að finna. Eina verulega ónæðið, sem þessi villtu og æfðu dýr verða fyrir, er „vélaskröltið frá flugvélunum", sem menn fá engu umráðið, en sérhverju sinni, sem flugvél leggur leið sína yfir Tjörnina, þjóta allir fuglar kvenmanna upp, mörg hundruð fuglar, endur og kríur og hávaðinn, eins og skotið væri á þá úr hríðskotabyssu. Sjálfir bæjarbúar eru daglega sjónarvottar að þessu. Það þyrfti

NB því áreiðanlega sérfræðing að þekkingu og þekkingu á einhverju öðru en lífsháttum fuglanna eða fuglalífinu yfir höfuð, t.d. jarðfræði eða öðru ennþá fjarskyldari til þess, að halda því fram, að „vélaskröltið frá flugvélunum hafi engin áhrif á fuglana"; þegar þveröfugt álit og umsögn kemur frá mönnum, sem leitað er til í trúnaði; og þess vænst, að þeir hafi meiri vit og þekkingu á því líkum málum en aðrir menn, sem reynsluna hafa, þó er „sérþekkingin" ekki margra fiska virði. Það er þó <u>þetta</u> <u>álit</u> og <u>því líkt</u> <u>umsögn</u>,

sem því virðist hafa ráðið mestu um leyfi bæjarráðsins til þess, að flugsýning mætti fara fram á þessum stað, þvert ofan í fyrirmæli lögreglusamþykktarinnar, sem áður segir.

Eru það þessir menn, sem með áliti sínu og umsögn, eiga að hafa vit og þekkingu fyrir hinn háttvirta bæjarráð vorn, sem ætti að þekkja sín eigin lög og samþykktir og út frá þeirri þekkingu sjálfir að geta myndað sér skoðanir í jafn-einföldu máli sem þessu, en þurfi ekki að leita neins úrskurðar hjá þeim mönnum, sem engin veit til að sig hafi látið það skifta að neinu leyti áður, engan rétt né eigin vara til þess hafa og enga reynslu né þekkingu virðast hafa til þess ennþá að dæma í neinu landi, enda sést þetta ljóslega af umsögn þeirra, að „véladrátt frá flugvélum hafi engin áhrif á fuglana," þar sem flestum bæjarbúum öðrum er vel gagnstæða kunnugt.

Morgunblaðið segir frá því í dag, að bæjarráð Reykjavíkur hafi á fundi sínum í gær leyft Sjómannadagsráðinu, „að kappróðrar megi fara fram í Reykjavíkurtjörn á sjómannadaginn", en hann er venjulega haldinn fyrsta sunnudag í júní mánuði og nú í ár hinn 6. júní og því vitanlega á þeim tíma ársins sem fuglunum öllum er mest þörf á ~~næði~~ [illegible] og næði varpsins vegna.

Lögreglusamþykkt Reykjavíkur frá 1939, 2. mgr. 70 gr. segir svo: Bátaumferð um tjörnina er bönnuð nema í þarfir bæjarins eða lögreglunnar. Enginn má raska friði fugla, sem á tjörninni eru eða við hana, né annarsstaðar í lögsagnarumdæminu.

Morgunbl. segir ennfremur, að leitað hafi verið „umsagnar Náttúrufræðafélagsins um málið", þar sem óttast var að slíkt gæti haft slæm áhrif á fuglalífið á Tjörninni. Náttúrufræðafélagið taldi að það mundi ekki styggja fuglana neitt, þótt kappróðrar yrðu leyfðir á Tjörninni einn dag. Það hefði t.d. sýnt sig að vélaskrölt frá flugvélum hefði ekki nein áhrif á fuglana". —

Reynsla annara en e.t.v. Náttúrufræðafélagsins hefir sýnt og sannað, að vélaskrölt frá flugvélum hefir haft [illegible] áhrif á fuglalífið, sem hafst hafa við að undanförnu